

FRÁSÖGN

af þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál og fundum þingmannanefndar 13.–14. apríl 2021 (fjarfundir)

Fjórtaða þingmannaráðstefnan um norðurskautsmál var haldin sem fjarfundur 13.–14. apríl 2021 en af völdum heimsfaraldurs COVID-19 hafði henni verið frestað frá árinu 2020 þegar fyrirhugað var að halda hana í Tromsø í Noregi. Á tveggja ára fresti heldur þingmannanefnd um norðurskautsmál ráðstefnu um málefni norðurslóða. Á ráðstefnunni kemur saman stór hópur þingmanna og sérfræðinga frá ríkisstjórnnum, háskólastofnunum og félagasamtökum sem láta sig málefni norðurslóða varða. Eitt meginviðfangsefni þingmannanefndarinnar er að fylgja eftir samþykktum þeirrar ráðstefnu sem og að fylgjast með störfum Norðurskautsráðsins. Ráðstefnuna sóttu fyrir hönd Alþingis Ari Trausti Guðmundsson, formaður Íslandsdeildar, Líneik Anna Sævarsdóttir, varaformaður, og Björn Leví Gunnarsson auk Örnú Gerðar Bang, ritara Íslandsdeildar.

Ráðstefnan hófst með því að gestir voru ávarpaðir og boðnir velkomnir af Tone Wilhelmsen Trøen, þingforseta Stórþingsins í Noregi. Hún lagði í máli sínu m.a. áherslu á mikilvægi þess að virkja ungt fólk til þátttöku í samstarfi á norðurslóðum. Þá flutti Aili Kesitalo, formaður þings Sama í Noregi, ræðu þar sem hún beindi orðum sínum að alvarlegum afleiðingum loftslagsbreytinga á líf frumbyggja á norðurslóðum en mörg svæði hafa einangrast enn frekar en ella í faraldrinum. Þá tók til máls Guðlaugur Þór Þórðarsson, utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra Íslands, og sagði frá formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu 2019–2021, en Rússar áttu að taka við formennskunni til næstu tveggja ára í maí 2021. Hann sagði að þrátt fyrir heimsfaraldur COVID-19 hefði formennskan gengið vel og fá verkefni ráðsins hafi frestast vegna faraldursins. Sjálfbær þróun hefði verið meginþema formennskuáætlunar Íslands og áhersla verið lögð á að styrkja og efla samstarf Norðurskautsráðsins innan allra þriggja stöða sjálfbærnihugtaksins, þ.e. umhverfismála, efnahagsmála og félagsmála. Þá hefði áhersla verið lögð á málefni hafsins, lofslagsmál og grænar lausnir í orkuframleiðslu og styrkingu samfélaga. Guðlaugur ræddi jafnframt um heimsfaraldurinn og þær áskoranir sem fámenn svæði norðurslóða glíma við í baráttunni gegn honum.

Eirik Sivertsen, formaður þingmannanefndar um norðurskautsmál (SCPAR), ávarpaði ráðstefnuna og ræddi m.a. um mikilvægi samstarfs norðurskautsríkjanna þar sem sjónum er beint að loftslagsbreytingum og mannlífsþróun á svæðinu. Einnig ræddi hann um mikilvægi alþjóðlegrar samvinnu og góðan árangur Norðurskautsráðsins. Hann sagði að það væru sameiginleg markmið allra ríkja norðurslóða að viðhalda friði og stöðugleika á svæðinu og Norðurskautsráðið gegndi þar mikilvægu hlutverki. Þá lýsti hann yfir vonbrigðum með niðurstöður síðasta fundar Norðurskautsráðsins, sem haldinn var í Rovaniemi í maí 2019, og sagðist vonast til að betri niðurstöður næðust á næsta fundi ráðsins sem fyrirhugaður væri í maí 2021 í Reykjavík.

Ráðstefnan skiptist í þrjá hluta og var fyrsti hluti hennar tileinkaður umfjöllun um loftslagsbreytingar á norðurslóðum, annar um sjálfbæra efnahagsþróun og þriðji hluti hennar var tileinkaður umfjöllun um mannlíf á norðurslóðum. Eirik Sivertsen hélt erindi um loftslagsbreytingar á norðurslóðum og sagði m. a. að íbúar norðurslóða væru 4 milljónir og hefðu aðeins valdið broti af þeim loftslagsbreytingum sem eiga sér stað á svæðinu. Vandamálið kæmi annars staðar frá og því væri það heimsbyggðarinnar allrar að finna lausn á því. Nauðsynlegt væri að ríki heims sameinuðust í baráttunni og afar brýnt væri að næsti fundur loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem halda ætti í Glasgow í nóvember 2021, yrði gagnlegur og bindandi ákvarðandir teknar.

Líneik Anna Sævarsdóttir tók þátt í umræðum um mannlíf á norðurslóðum og ítrekaði mikilvægi þess að varðveita merka menningararfleifð norðurslóða og viðkvæma náttúru. Þannig skapaðist tækifæri til að stuðla að raunverulegum breytingum þar sem ábyrgð fyrirtækja gagnvart íbúum norðurslóða væri skýr. Björn Leví Gunnarsson benti á mikilvægi stafrænnar tækni og lagði til að þingmannanefndin hittist oftár á rafrænum fundum og að ráðstefna CPAR yrði haldin árlega í stað annars hvers árs. Þá fór fram sérstök umræða um COVID-19 og hélt bandaríski öldungadeildarþingmaðurinn Lisa Murkowski erindi um efnahagslegar og félagslegar afleiðingar faraldursins. Hún sagði neikvæð áhrif heimsfaraldursins á framþróun víðtæk á svæðinu, samfélög hefðu víða einangrast og ljóst væri að styrkja þyrfti innviði sérstaklega.

Við undirbúning ráðstefnuyfirlýsingarinnar var skipuð sérstök nefnd sem hittist á þremur fjárfundum og fór yfir framkomnar athugasemdir og tillögur. Ari Trausti Guðmundsson var fulltrúi Íslandsdeildar í nefndinni og lagði m.a. áherslu á mikilvægi þess að auka aðgengi að stafrænni tækni á norðurslóðum og að huga að málefnum hafsins auk jafnréttismála. Undir lok ráðstefnunnar var samþykkt samhljóða ráðstefnuyfirlýsing sem að hluta til var beint til ríkisstjórna á norðurskautssvæðinu, Norðurskautsráðsins og stofnana Evrópusambandsins. Þar var m.a. kallað eftir aukinni viðleitni til að draga úr loftslagsbreytingum og afleiðingum þeirra fyrir íbúa á svæðinu. Lög var áhersla á endurnýjaðar og auknar skuldbindingar við Parísarsáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 2015 og gerð metnaðarfullrar aðgerðaáætlunar fyrir norðurslóðir. Þá var lagt til að samstarf vísindamanna yrði aukið og frumkvæði haft að nýju heimskautaári.

Enn fremur var lögð áhersla á sjálfbæra efnahagsþróun og aukið samstarf við efnahagsráð norðurslóða (Arctic Economic Council). Varðandi mannlíf á norðurslóðum var lögð áhersla á aukið samstarf í heilbrigðismálum og mikilvægi þess að ungt fólk væri virkjað til ákvarðanatöku. Þá var sjónum beint að aukinni umræðu um öryggismál á svæðinu og lögð áhersla á nauðsyn þess að viðhalda sterku alþjóðlegu samstarfi á norðurslóðum til að stuðla að áframhaldandi friði og stöðugleika. Að lokum var þátttakendum boðið til næstu ráðstefnu þingmannanefndar um norðurskautsmál sem fyrirhugað er að halda árið 2023 í Grænlandi.

Þingmannanefnd um norðurskautsmál hélt tvo fundi samhliða ráðstefnunni. Á fyrri fundi nefndarinnar, 13. apríl, var farið yfir dagskrá ráðstefnunnar og drög að yfirlýsingu hennar. Nefndarmönnum var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við drögin og þeim komið á framfæri við nefnd sem vann að gerð yfirlýsingar ráðstefnunnar. Á síðari fundi nefndarinnar, 14. apríl, lét Eirik Sivertsen, fulltrúi norska þingsins, af embætti formanns nefndarinnar en hann hafði gengt því frá árinu 2015. Grænlenka þingkonan Aaja Chemnitz Larsen var kosin nýr formaður nefndarinnar og bandaríska öldungardeildarþingkonan Lisa Murkowsky var kosin varaformaður nefndarinnar til næstu tveggja ára. Peder Pedersen, starfsmaður danska þingsins, sem gegnt hefur starfi framkvæmdastjóra þingmannanefndarinnar sl. ár gaf jafnframt kost á sér til áframhaldandi starfa.

Á fundinum lagði jafnframt rússneska landsdeildin fram tillögu þess efnis að formennska í nefndinni mundi skiptist á milli aðildarríkja annað hvert ár og fylgdi því landi sem væri í gestgjafahlutverki fyrir ráðstefnu nefndarinnar hverju sinni. Áfram yrði varaformaður nefndarinnar kosinn til tveggja ára. Máli sínu til stuðnings bentu Rússarnir á að sambærilegt fyrirkomulag væri í mörgum alþjóðanefndum og reyndist vel. Eirik Sivertsen lagði til að tillagan yrði rædd nánar á næsta fundi þingmannanefndarinnar eftir frekari umhugsun. Aaja Chemnitz Larsen sagði tillöguna áhugaverða en hafði áhyggjur af því að tvö ár væru of stuttur tími til að gegna formennsku þar sem langan tíma tæki að koma sér inn í starfið og gagnlegra að geta gengt því í lengri tíma. Þá tók Ari Trausti Guðmundsson til máls og greindi frá því að hann mundi ekki sækjast eftir endurkjöri í þingkosningum til Alþingis sem fram færu 25. september. Hann þakkaði gott og gefandi samstarf og greindi frá því að Íslandsdeild þingmannanefnar um norðurslóðamál hafi rætt það að halda mætti ráðstefnu CPAR árlega í stað annað hvers árs.

Það var samhljóma álit nefndarmanna að ráðstefnan hefði heppnast vel og mikilvægt væri að samþykkttri yfirlýsingu ráðstefnunnar yrði komið á framfæri við Norðurskautsráðið, stjórnvöld og hlutaðeigandi aðila í aðildarríkjum nefndarinnar. Fyrirhugað er að halda næsta fund

Þingmannanefndarinnar í Bandaríkjunum seinni hluta árs 2021. Þá mun nýr formaður nefndarinnar taka ákvörðun um það hvort haldinn verði rafrænn fundur fyrir fundinn í Bandaríkjunum í ljósi þróunar COVID-19. Frekari upplýsingar fást hjá ritara Íslandsdeildarinnar og á vefsvæðinu: <http://www.arcticparl.org>